

Pingsályktunartillaga lögð fram á Alþingi 1955

Sp. **46. Tillaga til þingsályktunar** [41. mál]
um undirbúning löggjafar um framleiðslusamvinnufélög.

Flm.: Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta semja frumvarp til ýtarlegrar löggjafar um framleiðslusamvinnufélög og leggja það frumvarp fyrir næsta reglu-
legt Alþingi.

Greinargerð.

Eitt af helztu misklíðarefnum innan þjóðfélagsins er kaup og kjör þeirra sem selja vinnu sína. Hagsmunir atvinnuveitandans og verkamannsins fara ekki saman nema að takmörkuðu leyti undir hinu venjulegasta skipulagi þessara málefna. Vinnuveitandinn, sem leggur til fjármagnið og tekur á sig áhættu fyrirtækisins, þarf að gæta þess, að reksturinn greiði ekki meira en hann getur borið. Auk þess vill vinnuveitandinn græða, ef unnt er. Verkamaðurinn þarf á sínu að halda og vill auðvitað gjarnan græða líka. Hann tortryggir vinnuveitandann, — álitur, að hann gæti greitt hærri laun en hann gerir, græði of mikið eða stjórnir fyrirtæki sínu verr en skyldi.

Mikilsvert skipulag til þess að komast fram hjá þessum misklíðarefnum er framleiðslusamvinna. Hið vinnandi fólk stofnar framleiðslusamvinnufélög um sérstakar starfsgreinar. Tilgangur þeirra félaga er að gera verkalýðinn atvinnulega og efnahagslega sjálfstæðan og sameina í höndum hans fjármagn og vinnuafli, — skapa sannvirði vinnunnar með því að skipa þannig málum, að hann fái í laun það, sem varan gefur, sem hann vinnur að, — tryggja honum stjórnarhlutdeild, eignarhlutdeild og eftirlitsaðstöðu í atvinnufyrirtækjunum.

Félagsmennirnir kjósa sér sjálfir framkvæmdastjórn. Hver félagsmaður fer með eitt atkvæði, hvort sem hann er rikur eða fátækur. Fólkíð tekur laun eftir viðurkenndum töxtum, en fær uppþætur á þau laun eftir því, sem framleiðsluvaran

selst. Allir, sem í félaginu eru, hafa ávinning af því, að skilað sé miklu verki og góðu.

Í þessum félögum er hver maður sinn eigin vinnuveitandi, að svo miklu leyti sem því verður við komið á félagslegum grundvelli.

Í Bretlandi eru framleiðslusamvinnufélög búin að starfa lengi, sérstaklega í iðnaði ýmiss konar, og hafa með sér samband. Sagt er, að aldrei hafi komið til verkfalls í framleiðslusamvinnufélagi þar í landi. Hvers vegna ætti líka fólk í slíkum félagsskap að gera verkfall, frekar en t. d. bóndi gegn búi sínu? Félagsfólkið á fyrirtækið sjálft eins og bóndinn búið og fær afrakstur verka sinna eins og hann.

Hér í Reykjavík var nýlega stofnað Samvinnufélag rafvirkja, og í undirbúningi er stofnun samvinnufélags húsasmiða. Fleiri atvinnuhópar hafa hug á því héraendis að koma á hjá sér slíkri framleiðslusamvinnu.

Um leið kemur í ljós, að í löggjöf landsins vantar almenn ákvæði um samvinnufélagsskap á þessum sviðum. Lög um samvinnufélög, nr. 46 1937, eiga ekki við í öllum atriðum. Þau eru aðallega sniðin fyrir samvinnuverzlun. T. d. er öllum heimil innganga í kaupfélög, af því að allir þurfa að verza, en í framleiðslusamvinnufélagunum á eftir eðli málsins ekki við svo almenn þátttaka.

Byggingarsamvinnufélögin fengu, þegar þau komu til sögunnar, sína sérstöku löggjöf, og hins sama þurfa framleiðslusamvinnufélögin.

Flutningsmenn tillögunnar telja skylt, að Alþingi geri nú ráðstafanir til, að sú löggjöf verði vel undirbúin og sett eigi síðar en á næsta reglulegu Alþingi, — eðlilegt, að ríkisstjórninni, og þá að sjálfsgöðu félagsmálaráðherra, sé falið að annast undirbúninginn. Ástæða er til að athuga löggjöf Breta um framleiðslusamvinnu, af því að reynsla þeirra kann að fela í sér heppilegar fyrirmyndir.

Það er álit flutningsmanna tillögunnar, að þjóðfélagið eigi að greiða fyrir því, að vinnandi stéttir taki upp skipulag samvinnunnar í framleiðslu, eftir því sem við verður komið, til þess að tryggja sér sannvirði vinnu sinnar, efla vinnufrið í landinu og leiða í ljós, hvað hægt er að bera úr bytum í landi voru, þegar ábyrgir menn vinna og fá sinn rétta hlut.